



BYGGÐASTOFNUN

Ákvörðun Á-11/2023

Breyting á fyrirkomulagi póstafgreiðslu Íslandspósts ohf. á Laugum

1. MÁLSMEÐFERÐ

- (1) Með tölvuskeyti, dagsettu 28. febrúar 2023, tilkynnti Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP) um fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi póstafgreiðslu fyrirtækisins á Laugum en pósthús hafði verið rekið þar í samvinnu við Sparisjóð Suður-Þingeyringa. Í erindi fyrirtækisins kom fram að sambærilegar breytingar verði gerðar víða um landið og taki bæði til afgreiðslustaða sem reknir hafa verið í samstarfi við þriðja aðila sem og afgreiðslustaða sem reknir hafa verið af ÍSP.
- (2) Í tilkynningu ÍSP er tekið fram að við fyrirhugaðar breytingar hafa stjórnendur ÍSP fundað með sveitarstjórnum/bæjarstjórum á þeim stöðum þar sem ÍSP mun breyta aðgengi að þjónustu fyrirtækisins.
- (3) Í stað þess að reka sérstakan afgreiðslustað að Laugum verður sett upp póstbox þar sem hægt verður að sækja skráðar sendingar og póstleggja póstsendingar, en afhending póstsendinga og umsýsla í kringum skráðar sendingar hefur verið eitt meginhlutverk hefðbundinna afgreiðslustaða.
- (4) Fyrirtækið hefur í hyggju og óskar þess að vera í góðu samstarfi við sveitarstjórn Þingeyjasveitar (en Laugar tilheyra því sveitarfélagi) við að finna hentugar staðsetningar fyrir þau póstbox sem eyrnamerkit hafa verið til að bæta við í sveitarfélaginu. Reynt verður að staðsetja póstbox miðsvæðis á viðkomandi stað.
- (5) Ákvæði 5. gr. reglna nr. 504/2003 setja ákveðinn ramma varðandi þau atriði sem Byggðastofnun ber að líta til ef tilkynning berst frá alþjónustuveitanda um að leggja eigi niður afgreiðslustað eða breyta

fyrirkomulagi afgreiðslustaðar. Í 4. mgr. er að finna heimildarákvæði fyrir Byggðastofnun til að leita umsagnar sveitastjórna varðandi þau atriði sem talin eru upp í 2. mgr. 5. gr.

(6) Með vísan til 4. mgr. 5. gr. reglna um staðsetningu afgreiðslustaða ofl. nr. 504/2003, óskaði Byggðastofnun eftir með bréfi dagsettu 6. mars 2023, að sveitarstjóri Þingeyjarsveitar skilaði inn umsögn um erindi Íslandspósts sem taki a.m.k. til þeirra atriða sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr.

(7) Ekki bárust neinar athugasemdir frá sveitarfélagini vegna málsins.

2. NIÐURSTAÐA BYGGÐASTOFNUNAR.

(8) Í 1. gr. laga nr. 98/2019 um póstþjónustu kemur fram að markmið laganna sé að stuðla að hagkvæmri, virkri og áreiðanlegri póstþjónustu um land allt til að tryggja notendum aðgang að alþjónustu eins og hún er skilgreind á hverjum tíma.

(9) Í 1. tl. 1. mgr. 4. gr. sömu laga er skilgreint að *afgreiðslustaður* sé aðstaða, t.d. húsnæði, bifreið, eða sjálfvirkur afgreiðslukassi þar sem einstaklingar og lögaðilar geta fengið póstþjónustu.

(10) Eitt af meginatriðum frumvarps til laga um póstþjónustu, sem varð að lögum nr. 98/2019, var að með því hafi verið opnað eins mikið og talið er ásættanlegt á sveigjanleika markaðsaðila til að breyta þjónustufyrirkomulagi til kostnaðarlækkunar og eða tekjuauka, beint eða á grundvelli reglugerðarheimilda.

„Þessi viðleitni er rauður þráður í frumvarpinu, þ.e. að koma ekki í veg fyrir nauðsynlegan sveigjanleika fyrir stjórnvöld og markaðsaðila til að bregðast við markaðspróun og öðrum áskorunum sem ógnað geta lágmarkspóstþjónustu á hverjum tíma.“

(11) Í 7. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 400/2020 er fjallað um umfang alþjónustu og þar segir:

Eftirfarandi þjónusta fellur undir alþjónustu:

- Aðgangur að afgreiðslustað, þ.e. aðstöðu í húsnæði, bifreið, sjálfvirkum afgreiðslukössum eða póstkössum.
- Almennur útburður, innan alþjónustu, skal vera að lágmarki tvisvar í viku nema kringum-stæður eða landfræðilegar aðstæður hindri slikt.

Póstþjónusta, en til hennar teljast:

- Rekjanlegar sendingar og tryggðar sendingar.
- Bréf allt að 2 kg.

¹ Kafli 6: Mat á áhrifum <https://www.althingi.is/altext/149/s/0293.html>

- *Pakkar upp að 10 kg innanlands.*
- *Pakkar upp að 20 kg milli landa.*
- *Sendigar fyrir blinda og sjónskerta allt að 2 kg.*

(12) Í 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um póstþjónustu er tilgreint að *afgreiðslustaður* sé aðstaða, t.d. húsnæði, bifreið, eða sjálfvirkur afgreiðslukassi þar sem einstaklingar og lögaðilar geta fengið póstþjónustu eins og áður segir.

(13) Ein megin skylda ÍSP sem alþjónustuveitanda er að afhenda bréf og böggla til skráðs viðtakanda sem og að móttaka bréf og böggla til póstmeðferðar frá viðskiptavinum sínum.

(14) Engin breyting er boðuð af hálfu ÍSP varðandi útburð póstsendinga á svæðinu. Bréfapóstur verður áfram borinn út af starfsmönnum ÍSP og bögglapóstur verður keyrður til viðtakenda eða afhentur í póstboxi. Breytingin felst eingöngu í þeim þætti starfseminnar er varðar móttöku sendinga á sérstökum afgreiðslustað (pósthúsi).

(15) Þær breytingar á fyrirkomulagi póstafgreiðslu sem ÍSP hefur tilkynnt um að verði með lokun afgreiðslu fyrirtækisins á Laugum, þýða því ekki að fyrirtækið geti ekki lengur staðið við alþjónustuskyldur sínar, heldur sinni þeim á annan hátt. ÍSP hefur upplýst að hægt verði að nota póstbox til þess að póstleggja sendingar auk þess að taka við þeim.

(16) Að mati Byggðastofnunar er þróun póstafgreiðsna á Laugum þess eðlis að ekki virðist þörf á að reka þar póstafgreiðslu í óbreyttri mynd. Ekki er þörf á að fjalla sérstaklega um samgöngur á svæðinu. Jafnframt er það mat stofnunarinnar að sú þjónusta sem ÍSP hyggst bjóða íbúum á Laugum fullnægi gæðakröfum laga um póstþjónustu nr. 98/2019, sem og þeim skyldum sem hvíla á fyrirtækinu sem alþjónustuveitanda.

Að öllu framangreindu virtu þá er það niðurstaða Byggðastofnunar að ÍSP sé heimilt að breyta fyrirkomulagi póstþjónustu á Laugum á þann veg sem greinir í erindi fyrirtækisins, að póstafgreiðslu fyrirtækisins verði lokað og að afgreiðslustaður verði framvegis í bifreið og/eða í sjálfvirkum afgreiðslukassa.

ÁKVÖRÐUNARORD

1. Byggðastofnun samþykkir beiðni Íslandspósts ohf. dagsetta 28. febrúar 2023, og heimilar fyrirtækinu að loka póstafgreiðslu fyrirtækisins í pósthúsi á Laugum og staðfestir jafnframt að alþjónustuskyldur fyrirtækisins eru uppfylltar.
2. Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 42. gr. laga nr. 98/2019. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Byggðastofnunar. Um meðferð kæru vegna ákvarðana Byggðastofnunar skulu gilda sömu málsmeðferðarreglur og kveðið er á um í 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu auk ákvæða reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021 getur aðili einnig borið ákvörðun Byggðastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitnesku um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Sauðárkrókur 12. september 2023



Hjalti Árnason



Arnar Már Elíasson